

Heyrirðu hvernig syngur í fersku epli?

Eða ertu að fara á mis við hljóð sem skipta miklu máli?



ReSound



rediscover hearing



Að skynja öll hljóð sem eiga að heyrast

Athuganir sýna að yfir 10% jarðarbúa eru með skerta heyrn sem staðfestir að mjög margir heyra ekki vel. Flestir telja að heyrnarskerðing tengist aldri þannig að heyrnartæki þurfi aðeins þeir sem komnir eru á efri ár. Það er ekki alveg rétt því 20-40% þeirra sem eru á aldrinum 40 til 60 ára hafa skerta heyrn að einhverju marki. Nú til dags hrærast flestir í verulegum hávaða sem veldur heyrnartapi og það gildir ekki síst um unga fólk, iPod-kynslóðina. „Jákvæðu fréttirnar“ eru að um 95% heyrnarskertra má hjálpa með heyrnartækjum.

Hvers vegna skerðist heyrnin?

Í um 90% tilvika skerðist heyrnin vegna þess að hin örfínu skynhár í innra eyranu skemmast og þegar þau eru einu sinni skemmd verða þau það til frambúðar. Skemmdina er ekki hægt að lækna og hárin vaxa ekki aftur. Óvirk skynhár valda því að heilinn fær ekki boð um öll hljóð sem þarf til að skilja t.d. talmál á réttan hátt. Það má líkja þessu við að píanóleikari reyni að spila þekkt lag á píanó sem á vantar allar háu nóturnar á nótnaborðið. Þó það vanti aðeins 6 eða 7 nótur þá verður lagið trúlega óþekktanlegt.





Að gera sér grein fyrir því sem maður fer á mis við

Hljóðið ber til okkar upplýsingar og upplifun sem veitir lífsfyllingu. Maður er ef til vill búinn að gleyma hvernig söngur sólskríkjunnar, hjal lækjarins, marr í snjó eða jafnvel smellur í tölvumús hljóma?

Þar sem heyrnin tapast smám saman tekur maður ekki eftir því að hversdagsleg hljóð, s.s. tif klukku og skráf í dagblaði, hverfa. En sú er raunin. Þessi hljóð eru hluti af lífinu og áður en maður veit af eru hljóð sem skipta miklu máli í samskiptum hætt að heyrast.

Heyrirðu vel

- ... söng sólskríkjú á steini,
- ... kvenrödd í síma,
- ... mal kattar,
- ... hjal lækjar,
- ... suð í flugu,
- ... hljóm dyrabjöllu,
- ... fall regndropa,
- ... hjal smábarns?





Heyrnarskerðing hefur margvíslegar afleiðingar

Að lifa með heyrnarskerðingu, sem ekki er reynt að ráða bót á, veldur vandkvæðum í daglegu lífi, erfiðleikum í vinnunni og takmörkun á að njóta tónlistar og annarrar menningar. Maður er smám saman að sætta sig við að eitt skilningarvitanna fimm sé næstum óvirkt. Margir draga sig í hlé og hætta að fara á mannamót þar sem þeir þurfa að fylgjast með samræðum og leggja einnig eitthvað til málanna.

Það er mjög þreytandi fyrir þann sem er með skerta heyrn að vera í margmenni og reyna að halda uppi samræðum.

Það er ekki skynsamlegt að bíða

Fyrst þegar fer að bera á heyrnartapi leiða flestir það hjá sér, jafnvel í mörg ár, en það er óskynsamlegt. Við að fresta hinu óhjákvæmilega verður úrlausnin erfiðari. Þegar boð hversdagslegra hljóða berast ekki til heilans tapast hæfileikinn að vinna úr þeim og því lengri tími sem líður þeim mun erfiðara verður að þekkja hljóðin á ný. Venjuleg heyrnartæki geta komið í veg fyrir að hljóðin gleymist þannig að heilinn geti unnið úr þeim á eðlilegan hátt. Góð heyrn á þátt í að halda heilastarfseminni virkri.





Heyrnartæki eru minna áberandi en heyrnarskerðing

Hér áður fyrr voru heyrnartæki stór, áberandi, óþægileg, húðlituð hjálpartæki með lélegri virkni.

Á síðustu árum hafa tækin þróast á sama hátt og tölvur og farsímar. Nú eru þau lítil, næstum ósýnileg og þau vinna margfalt betur en gömlu tækin. Það vekur undrun hversu háþrúð tækin eru, hversu vel er unnt að laga virkni þeirra að þörfum hvers og eins og hvernig þau bæta talskilning.

Í raun gerir tækni og hönnun nútímaheyrnartækja þau minna áberandi en það að hvá og biðja fólk að endurtaka. Sumir sem heyra illa leiða hjá sér það sem sagt er eða þykjast hafa heyrt rétt og svara ef til vill út í hött.

Heyrnarmæling

Flestir tapa heyrn smám saman og verða oft ekki varir við það. Innbyggð viðbrögð gera það að verkum að maður á ekki auðvelt með að greina heyrnartap hjá sjálfum sér. Ef maður á í erfiðleikum með að heyra eitt eða fleiri af hljóðunum sem nefnd eru á blaðsíðu 5 er heyrnin ef til vill skert. Einföld heyrnarmæling getur skorið úr um hvort um heyrnarskerðingu sé að ræða.

Flestir láta mæla sjónina reglulega - er ekki jafn sjálfsagt að láta mæla heyrnina? Mælt er með að heyrnin sé mæld á tíu ára fresti fram að fimmtugu og á þriggja ára fresti eftir það.





Hvert er best að leita?

Fyrsta skrefið er að leita til heyrnarþjónustu og láta mæla og greina heyrnina. Það ræðst af niðurstöðu mælingarinnar hvað vænlegast er að gera í framhaldinu. Þeir sem eru með mjög væga heyrnarskerðingu þurfa ekki heyrnartæki en heyrnarfræðingurinn veitir ráðgjöf um hvernig nota má heyrnarsíur til að hlífa heyrninni sérstaklega ef viðkomandi er mikið í hávaða. Verði heyrnarfræðingurinn var við sjúkdómseinkenni þá vísar hann viðkomandi til háls-, nef- og eyrnalæknis áður en hugað er að notkun heyrnatækja. Mælist heyrnarskerðing veitir heyrnarfræðingurinn ráðgjöf um hvaða heyrnartæki henta best en hann þarf að taka tillit til af hvaða gerð heyrnarskerðingin er og við hvaða hljóðaðstæður viðkomandi býr. Margir telja að það sé flókið að nota heyrnartæki en svo er ekki. Heyrnarfræðingar leitast við að leiðbeina um notkun heyrnartækja eins og kostur er.

Hver sinnir hverju?

Háls-, nef- og eyrnalæknar eru sérfræðingar í að lækna háls-, nef- og eyrnasjúkdóma. Þeir þjóða ekki heyrnartæki en benda fólki á heyrnarfræðinga ef þeir verða varir við heyrnarskerðingu.

Heyrnarfræðingar eru sérmenntaðir í að meta heyrnarskerðingu og í að greina hugsanleg sjúkdómseinkenni út frá niðurstöðu heyrnarmælingar. Þeir leiðbeina við val heyrnartækja, stilla virkni þeirra að heyrnarskerðingu notandans, taka mót af eyrum ef sérsníða þarf tæki eða hlustarstykki og veita almenna ráðgjöf um notkun heyrnartækja. Heyrnarfræðingur sinnir engum læknisverkum og til að njóta þjónustu hans þarf ekki tilvísun frá lækni.

Hjá flestum þjóðum eru heyrnarfræðingar háskólamenntaðir og starfsheiti þeirra er lögverndað, þannig fyrirkomulag er t.d. hjá Svíum. Hér á landi er starfsheitið ekki lögverndað og aðeins örfáir með háskólapróf í heyrnarfræðum. Sumir sem nota starfsheitið heyrnarfræðingur eru með aðra menntun eða hafa sótt stutt námskeið í heyrnarfræðum.

Starfsemi Heyrnar ehf. er á ábyrgð heyrnarfræðings sem hlotið hefur löggildingu sænskra heilbrigðisyfirvalda og hefur þar með réttindi til að starfa á samnorrena vinnumarkaðinum.

Til að nálgast nánari upplýsingar um heyrnarskerðingu og almennt um heyrnarþjónustu er gott að byrja á að lesa fleiri bæklinga sem Heyrn gefur út. Einnig er fullt af fróðleik á:

www.heyrn.is eða
www.redisoversound.com.



ReSound



rediscover hearing

Til að fá nánari upplýsingar vinsamlegast
hafið samband við:

Heyrn
Hlíðasmára 11, Kópavogi
Sími: 534 9600
Netfang: heyirn@heyirn.is
www.heyirn.is